4 B LAUGARDAGUR10. JÚNÍ 2000

REYKJAVIK- MENNINGARBORG EVROPU 2000

Klaustur á

MORGUNBLAÐIÐ

Islandi
A annan hvítasunnudag
veröur opnuð í Viðeyjar-
skólasýningsem ber
heitið Klaustur á íslandi.

SÝNINGUNNI er ætlað að gefa yf-
irlit þau klaustur, er störfuðu hér á
landi á miðöldum, staðsetningu
þeirra, tíma og reglu.
Þá er ætlunin að draga fram í
texta og myndum þýðingu þeirra
fyrir menningarlífið í landinu bæði
hina andlegu hlið og þá sem snýr að
atvinnulífinu. Þar er m.a. átt við
sagnaritun og tilheyrandi skinna-
verkun. Jafnframt er ætlunin að
vekja athygli á mikilli eigna-
umsýslu, búskap, útgerð og því um
líku. Á sýningunni verða forngripir,
m.a. úr uppgreftrinum í Viðey, einn-
ig teikningar, ljósmyndir og jafn-
framt einnig „gínur".
Að sögn séra Þóris Stephensen,
staðarhaldara í Viðey, verður einnig
lögð áhersla á að kynna daglegt líf í
klaustrunum. „Það hefur aldrei ver-

ið haldin svona sýning áður og ég á
von á því að mörgum þyki fengur að
henni," segir séra Þórir.
Vegna tengsla klaustra á íslandi
við pflagrímaferðir eða suðurgöng-
ur og m.a. til Santiago de Compost-
ela, sem einnig er menningarborg á
árinu 2000, yerður sérstakur þáttur
um þetta. „íslensku klaustrin voru
mestu helgistaðir þjóðarinnar, ef
frá eru taldir biskupsstólarnir.
Reynt verður að gera þennan þátt
sýnilegan," segir séra Þórir.
„Ekki má gleyma því, að klaustrin
voru hluti af alþjóðahreyfingu og
opnuðu, mörg þeirra, dyr héðan út
til hins kristna heims, dyr sem
gerðu mönnum fært að njóta hinnar
fjólþættu menningar annarra
Evrópulanda. Síðast en ekki síst á
að útskýra sjálft klausturlífið,
hreinlífisheitið, sjálfsgjöfina, kær-
leiksþjónustuna, bænalífið," segir
séra Þórir Stephensen. Steinþór
Sigurðsson listmálari hefur hannað
sýninguna og séð um uppsetningu
hennar. í tilefni sýningarinnar hef-
ur verið gefin út vönduð sýningar-

TEIKNING AF VIÐEYJARKLAUSTRI EINS 06 TALIB ER AÐ ÞAÐ HAFI LITIÐ UT.

skrá með ritgerð Ingunnar Lovísu
Ragnarsdóttur klausturlíf á íslandi.
Ritnefnd skipa dr. Hjalti Hugason,
Ásdís Egilsdóttir og Gunnar F.
Guðmundsson. Séra Þórir segir að
gert sé ráð fyrir, að sýningin standi í
það minnsta tvö ár. Hún verður
væntanlega opin síðdegis og á öðr-
um tímum fyrir hópa, þegar um það
verður beðið.

Viðeyjarskóli er bygging austast
á eyjunni er reist var 1928. Þar var
starfræktur skóli meðan íbúar Við-
eyjar voru svo margir að skólahald
var talið nauðsynlegt. Að sögn séra
Þóris hefur byggingin verið gerð
upp og er nú orðin hið ágætasta sýn-
ingarhúsnæði. Frá Viðeyjarstofu til
Viðeyjarskóla er um einn kflómetri
eftir sléttum malarvegi en þeim sem

eiga erfitt með gang verður boðið
upp á akstur á þarna á milli.
A sýningartímanum er gert ráð
fyrir ráðstefnuhaldi og öðrum við-
burðum í Viðey og hefur dagskrá
sumarsins og fram á haustið verið
ákveðin. Sunnudaginn 18. júní verð-
ur kaþólsk biskupsmessa í Viðey.
Að henni lokinni mun Benedikts-
munkurinn Aidan Bellenger frá
Downside Abbey flytja fyrirlestur
um Benediktsregluna á miðöldum
og séra Kristján Valur Ingólfsson
rektor Skálholtskóla flytur erindi
um litúrgíuna á miðöldum. Sunnu-
daginn 16. júlí verður messa á veg-
um prófastdæmisins þar sem séra
Guðmundur Þorsteinsson dómpró-
fastur prédikar. Eftir messu verður
boðið upp á skoðunarferð um þá

hluta Viðeyjar sem tengjast trú og
helgihaldi. Að kvöldi þriðjudagsins
15. ágúst á Maríumessu hinni fyrri
verður Maríuganga. Þessi athöfn er
í samvinnu við kaþólsku kirkjuna á
íslandi. „Gengið verður með Maríu-
líkneski frá Viðeyjarkirkju og aust-
ur í Kvennagönguhóla. Þar verður
stansað, lesið úr helgisögum um
Maríu, fluttar bænir og sungnir
söngvar," segir séra Þórir. „Sunnu-
daginn 1. október verður einnig
kaþólsk messa í Viðey og þá mun
norski læknirinn Arnstein Broder-

sen sem gerst hefur kanoki í Ágúst-
ínusarklaustri í Austurríki tala um

Ágústínusarregluna á miðöldum en
slíkt klaustur var einmitt í Viðey,"
að sögn séra Þóris Stephensen stað-
arhaldara Viðeyjar.

Spiritus Europaeus
Stór sýning á verkum
Finnans Rax Rinnekan-

gas verður opnuð í Lista-
safni Reykjavíkur í Hafn-
arhúsinu þann8.júlí.

RAX RINNEKANGAS er fínnsk-
ur listamaður sem hefur hlotið
ýmsar viðurkenningar í heimalandi
sínu bæði sem ljósmyndari, rithöf-
undur og skáld. Þessi fjölhæfi
listamaður hefur gefið út skáldsög-
ur, ljóð, smásögur og ritgerðir,
auk fjölda Ijósmyndabóka, en hann
hefur einnig unnið að kvikmynda-
gerð og tónlist. Hann hefur sýnt
ljósmyndir sínar víða um Evrópu,
og vakið mikla athygli fyrir þann
næmleik sem er að finna í við-
fangsefnum hans.
f myndaflokknum „Spiritus Eur-
opaeus" kemur fram ákveðin sýn
listamannsins á gamla meginland-
ið. í þessum stóru myndum hefur
hann leitast við að gefa nokkra
innsýn í það líf, sem er að finna
meðal íbúa á útjöðrum álfunnar,
nokkru utan þeirrar hröðu þróun-
ar, sem einkennir Evrópu hin síð-
ari ár.

Þessi myndaflokkur frá hendi
Rax Rinnekangas verður sýndur í
ýmsum söfnum í Finnlandi og víð-
ar í Evrópu á næstunni, jafnframt
því sem út kemur Ijósmyndabók í
tilefni sýningarinnar. EIN AFMYNDUM RAX RINNEKANGAS.

Leiklistarhátíð á Akureyri
Bandalagíslenskra leik-
félaga fagnar 50 ára af-
mæli sínu með veglegri
leiklistarhátíð á Akureyri
21.-25. júní.

HÁTÍÐIN verður sett 21.júni með
stórri götuleiksýningu á Akureyri.
Sýningin verður æfð á staðnum og í
henni taka þátt allir leikhóparnir
sem verða á hátíðinni, tíu talsins.
Leikstjóri er Guðjón Sigvaldason.
Þá er að geta sýninga hátíðarinn-
ar. Fyrst sýnir hópur frá Lettlandi
leikritið Á rúmsjó eftir Mrozek.
Næsta sýning er frá Leikfélagi
Hafnarfjarðar sem sýnir Hvenær
kemurðu aftur rauðhærði riddari?
eftir Mark Medoff í leikstjórn Viðars
Eggertssonar.
Leikfélagið Baldur á Bíldudal sýn-
ir Sviðsskrekk eftir Alan Shearman í
leikstjórn Þrastar Leós Gunnarsson-
ar. Leikhópur frá Finnlandi sýnir
Sérðu regnið, söngleik eftir leikhóp-
inn. Leikhópur frá Noregi sýnir
sakamálaleikritið Morð í myrkri eft-
ir Rolf Sen. Leikfélagið Hugleikur
úr Reykjavík sýnir Ég sé ekki Munin
eftir Hugleiksfélaga í leikstjórn Þórs
Túlíníusar. Leikfélagið Sýnir verður
með sýningu í Kjarnaskógi á Jóns-
messukvöld. Það heitir Nýir tímar
og er eftir Böðvar Guðmundsson.
Leikstjóri Hörður Sigurðarson.
Leikfélag Húsavíkur sýnir Upp-

ÚR SÝNINGU LEIKFÉLAGS HAFNARFJARÐAR A HVENÆR KEMURÐU AFTUR, RAUÐ-HÆRÐIRIDDARI?

spuna frá rótum eftir Ármann Guð-
mundsson, Sævar Sigurgeirsson og
Þorgeir Tryggvason. Leikstjóri
Oddur Bjarni Þorkelsson. Skaga-
leikflokkurinn sýnir: Lifðu - Yfir

dauðans haf, leikstjóri og höfundur
Kristján Kristjánsson. Litli leik-
klúbburinn á ísafirði sýnir leikritið
Fuglinn í fjörunni eftir David Wood,
leikstjóri Elvar Logi Hannesson.

„Oratóría
hafsins"
Marisa Arason og Roberto Legn-
ani halda Ijósmyndasýningu á
Tryggvagötu 15 sem verður opnuð
1. júlí og stendur allan mánuóinn.

SÝNINGU sína nefnir Marisa „Óratóría hafsins".
Einnig sýnir Roberto Legnani, ljósmyndari frá
Bologna á ítalíu, myndir sínar en þema sýningar hans er „Hreyfingar og draumar".
„Hafið býr yfir seiðmagnaðri dul. Astin og dauð-
inn við hafið - sætur er sjávardauðinn. Hinn róandi niður haföldunnar þrumandi, djúpur hljómur
brimrótsins. Það er líkt og hafið flytji okkur
hljómkviðu, sem Ijósmyndin greipir í hljóðláta
mynd - eilíft augnablik," sagði Marisa um þema
myndanna á sýningu hennar.

Ljósmynd/Marisa Navarro Arason Æska og menning

Æska og menning er
stórt norrænt mót fyrir
ungtfólksem haldið
verður í Reykjavík dag-
ana 21.-28. júní.

ALLT AÐ 2.000 þátttakendum
mótsins stendur til boða að taka hér
þátt í upplifun fyrir lífstíð í ómeng-
aðri stórkostlegri náttúru íslands.
Á dagskránni verður lögð áhersla
á menningu, umhverfi og íþróttir.
23. júní 2000 verður glæsileg opn-
unarhátíð með spennandi dag-
skrárliðum, þátttakendum gefst
tækifæri_ til að kynnast sérstakri
náttúru íslands í heilsdagsferð um
Suðurland. í Reykjavík verður fjöl-
breytt dagskrá. Þar verður boðið
upp á leiklist, dans, tónlist, söng og

margt fleira sem sýnt er af ungu
fólki og er fyrir ungt fólk. Óvæntar
og óhefðbundnar íþróttagreinar
verða á dagskránni sem allir geta
tekið þátt í.
Á mótinu gefst ungu fólki tæki-
færi til að kynnast ungu fólki frá
hinum Norðurlandaþjóðunum, hefð-
um þess, skemmta sér saman og fá
um leið einstakt tækifæri til að
kynnast íslandi og sérkennum þess.
Æska og menning er haldið á
vegum NSU (Nordisk Samorganis-
ation for Ungdomsarbejde) og er
langstærsta verkefnið á þeirra veg-
um hingað til. Ungmennafélag fs-
lands er ábyrgðaraðili fyrir hátíð-
inni í Reykjavík.
Auk þess að vera á dagskrá
Menningarborgarinnar hefur mótið
verið styrkt fjárhagslega af íslenska
ríkinu, Reykjavíkurborg, Norrænu
ráðherranefndinni og Flugleiðum.